

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 309/1981 um veiðar á loðnu á haustvertíð 1981 og vetrarvertíð 1982.

1. gr.

2. gr. breytist þannig:

Í stað Ísleifs VE 63, skipaskrárn. 1056, leyfilegt aflamagn 9400 tn, komi „Ísleifur VE 63, skipaskrárn. 1610, leyfilegt aflamagn 9400 tn“.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. nóvember 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kjartan Júlíusson.

1. desember 1981.

Nr. 657.

REGLUGERÐ

um þorskveiðibann 20.—31. desember 1981.

1. gr.

Á tímabilinu frá 20. desember til og með 31. desember 1981, eru fiskiskipum, öðrum en þeim, sem hlíta takmörkunum á þorskveiðum samkvæmt reglugerðum nr. 632 18. desember 1980 og nr. 79 3. febrúar 1981, bannaðar allar þorskveiðar.

Á sama tímabili er óheimilt að hafa þorskfisknet í sjó.

2. gr.

Á þeim tíma, sem þorskveiðar eru bannaðar, skv. 1. mgr. 1. gr., má hlutur þorsks í heildarafla hvernar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%.

Fari þorskafli yfir 15% af heildaraflanum verður það sem umfram 15% er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

3. gr.

Nú er afla landað innan þeirra tímamarka, sem um getur í 1. gr. og hlutfall þorsks í heildarafla reynist herra en 15%, skal þá litið svo á, að um ólöglegan þorskafli sé að ræða og hann gerður upptækur samkvæmt 2. gr., nema í ljós komi, að fiskiskipið hafi ekki verið að veiðum á þeim tíma, sem þorskveiðar eru því bannaðar.

Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabils samkvæmt 1. gr., enda hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

4. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins og ákvæða laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. desember 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kjartan Júlíusson.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 2. gr. reglugerðar nr. 111/1978 um akstur almenningsvagna frá biðstöð, hefur verið ákveðið að heimila Strætisvögnum Akureyrar að auðkenna þá vagna fyrirtækisins, er notaðir eru til fólksflutninga á áetlunarleiðum á Akureyri, í samræmi við ákvæði 1. gr. nefndrar reglugerðar. Eftirleiðis gilda því ákvæði 3. gr. reglugerðarinnar um akstur vagnanna frá merktri biðstöð.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 1. nóvember 1981.

Eliás I. Eliásson.

AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akraness hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Umferð um Espigrund ber að víkja fyrir umferð um Víkurbraut með biðskyldu. Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Lögreglustjórinn á Akranesi, 18. nóvember 1981.

Björgvin Bjarnason.